

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD



TOO HOT TO HANDLE?



**THE ORIGINAL
TURKISK
PEBER**

RÚV er málið þessa vikuna. Gettu betur í útvarpi, Söngvakeppni Sjónvarpsins og EM í handbolta í sjónvarpinu.

Ætla auðvitað að verja titilinn



Gettu betur fór af stað með látum í vikunni og af því tilefni heyrði **Monitor** í **Laufeyju Haraldsdóttur** sem er liðsmaður ríkjandi meistara í keppninni.

„Við byrjum kannski keppnina öruggari með okkur heldur en í fyrra en við viljum samt heldur ekki vera að ofmetnast,“ segir Laufey Haraldsdóttir, einn af þremur liðsmönnum ríkjandi meistara Gettu betur úr Kvennaskólanum í Reykjavík. Þessi sívinsæla spurningakeppni framhaldsskólanna fór af stað í vikunni þegar viðureignir fyrstu umferðar fóru fram í útvarpsútsendingu.

Lið Kvennó þetta árið er óbreytt frá því í fyrra en mikla athygli vakti þegar liðið lagði MR að velli enda bæði í fyrsta sinn sem Kvennó sigraði keppnina og í fyrsta sinn sem stelpa sat í sigurliði Gettu betur. En hvorn titilinn þótti Laufeyju vænna um? „Mér finnst eiginlega skemmtilegra að hafa unnið þetta fyrir skólann minn heldur en kvenþjóðina en hef auðvitað bara gaman af báðu,“ segir hún.

Stigavarðar líklega ekki saknað

Nokkrar áherslubreytingar hafa verið gerðar á þættinum Gettu betur þetta árið. Má þar nefna að búíð er að stokka upp röð spurninganna en í staðinn fyrir að byrja á hraðaspurningum hefjast

þættirnir núna á spjaldaspurningu, sem áður fyrr var aftar í keppninni. Auk þess var embætti stigavarðarins lagt niður og þess í stað verða tveir dómara þetta árið, þau Örn Úlfar Sævarsson, þriðja árið í röð, og Þórhildur Ólafsdóttir sem er ný í starfi. Hvaða skoðun hefur Laufey á breytingunum?

„Breytingarnar á spurningaröðinni eru kannski þínu óþægilegar þegar maður er vanur hinu en auðvitað tökum við hlutunum bara eins og þeir koma til okkar. Dómaraparið virkaði mjög vel á mig í keppnunum sem ég hlustaði á í útvarpinu. Þetta kom ágætlega út hjá þeim og spurningarnar þeirra voru skemmtilegar. Ég hugsa að stigavarðar verði svo sem ekki mikið saknað, nema kannski ef þau fara að klúðra talningunni á stigunum eitthvað.“

Laufey segir jafnframt að flestir nemendur Kvennaskólans geri kröfu um að þau verji titilinn. „Flestir í skólanum eru harðir á því að við verðum að taka þetta annað árið í röð og auðvitað ætlar maður alltaf að vinna.“

elg



NÝTT LÓGÓ

Ásamt því að hannað hefur verið nýtt lógó fyrir þættina Gettu betur var á dögum opnuð ný Facebook-síða með öllum upplýsingum um þættina. Fylgist með öllu sem tengist Gettu betur í gegnum facebook.com/gettubetur.

Monitor mælir með

FYRIR MIÐBÆJARROTUR

Á Laugavegi 28 stendur gistiheimilið Reykjavík Backpackers. Það sem færri vita er að á Reykjavík Backpackers er einnig að finna góðan bar og kaffihús. Barinn er opin til miðnætis á virkum dögum og kl. 1:00 á föstudögum sem laugardögum en þar má kaupa alla mögulega drykki á lágu verði. Einnig fara fram tónleikar á staðnum aðra hverja helgi.



FYRIR AUGAÐ

Stuttmyndahátíðin Ljósvalkjóð verður haldin þann 28. janúar næstkomandi í Bío Paradís.

Aðstandendur keppinnar auglýsa nú eftir framlögum til hátíðarinnar en umsóknarfrestur rennur út þann 16. janúar. Áhugasamir eru hvattir til að skoða heimasíðu hátíðarinnar, ljosvalkjod.is.

FYRIR ISLENDINGA

Það er sjaldan sem það myndast jafnmikil stemning og samhugur á meðal íslensku þjóðarinnar og þegar „strákarnir okkar“ takast á við stórþjóðir á handboltavellinum. EM í handbolta, sem fram fer í Serbíu, hefst á sunnudaginn og eiga Íslendingar fyrsta leik gegn Króötum á mánudaginn kl. 19:10. Monitor mælir með því að Íslendingar skipuleggi flott handboltateiti með þítsu, kóki og öllu tilheyrandi.



Vikan á ...

facebook



Hugli Halldórsson

Þið sem viljið vinna í Vinga-lottóinu í kvöld þá.....5, 14, 27, 34, 41, 47. Verði ykkur að góðu.

11. janúar kl. 11:34



Anna Svava

Fékk þetta sent áðan: „hæ anna einn hress hér í rvk.. langaði segja þér að þú ert sú falgasta manneskja sem ég hef séð og þegar þú lappar um götur reykjavíkur þá ert þú sú manneskja sem fær mann til að stop og virða þig fyrir sér og sá alla þessa fegur og kynþokka sem þú byr yfir... kv einn hress úr rvk“....ekki amalegt!!!!

8. janúar kl. 16:23



Logi Geirsson

Ég er að segja ykkur það, við steikjum þetta EM alveg uppí undanúrslit ;) Lofar góðu svona stuttu fyrir mót...

7. janúar kl. 17:34

Feitast í blaðinu

Páll Valdimar er með samning við kanadískt jójófyrtækki og er á leið á EM. >>>4

Stíllinn kíkti í MH og MS og tók púlsinn á fatatísku framhaldsskólanema. >>>6

Anna Svava þekkir Fransínu mús betur en við hin og er með mikla sýklahræðslu. >>>8

Monitor skoðaði risandi stjórnur sem munu slá í gegn árið 2012. >>>12

Arnar Eggert væri til í að vera rokkstjarna í áströlsku hljómsveitinni AC/DC. >>>14

Efst í huga Monitor

Góða helgi, gott fólk

Nú er kominn 12. janúar og maður er enn í því að segja „gleðilegt ár.“ Það er hið besta mál en maður spyr sig samt hvenær sé rétt að hætta því. Gott viðmið er örugglega svona fyrstu tvær þrjár vikurnar í janúar, alla vega er það eflaust orðið þreytt tugga í febrúar. En svona öðruvísi kveðjur, svona aukalegar kveðjur, eru rosalega skemmtileg viðbót við samskiptaflöruna. Þannig er alltaf gaman á föstudögum og fyrrpart laugardags að geta hent í eitt stykki „góða helgi“ um leið og maður þakkar fyrir viðskiptin. Monitor hefur tekið saman lista með árstíðabundnum umræðuefnum sem munu auðvelda kurteisishjal (e. small talk) ykkar til muna fram á sumar.

1 „Hvernig fannst þér Skaupið?“

2 „Eru menn að þreyja þorran?“

3 „Bolla, bolla.“

4 „Helvíti ertu vatnaður. Misstu menn sig í saltkjötinu?“

5 „Smelltir þú þér í búning?“

6 „Jæja, nú fer dag að jafna, maður.“

7 „Hvaða málshátt fékkst þú?“

8 „Þurftu menn að hlaupa 1. apríl?“

9 „Ert þú búinn að henda sumardekkjum á kaggann?“

10 „Ætli sumar og vetur frysti saman þetta árið?“

Annars vill Monitor hvetja fólk til að vera opið og glaðlegt í samskiptum. „Góð helgi,“ frá starfsmanninum á kassanum í búðinni er alltaf góð byrjun á góðri helgi.

Góða helgi, Monitor

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lísa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Sigyn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is)

Umbrot: George K. Young (george@mbl.is) Auglýsinga: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) Forsíða: Gólli (golli@mbl.is)

Myndvinnsla: Hallmar F. Þorvaldsson Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569 1136

JARÐARBERJASTRAUBRETTI OG FLJÚGANDI SÍTRÓNA

Páll Valdimar Guðmundsson er tvítugur nemi í Tækniskólanum.

Hann er titlaður sem jójómeistari í símaskránni enda á leið á sitt þriðja Evrópumeistaramót í jójó síðar í mánuðinum.

Hvernig atvikaðist það að þú byrjaðir að leika þér með jójó?

Í grunnskóla byrjaði ég að dunda mér með jójó sem ég hafði fengið gefins og síðan fór ég á netið og sá myndbönd af fólki að gera ógeðslega flott trikk. Míg langaði strax að læra þessi brögð svo ég pantaði mér gott jójó á netinu og byrjaði að æfa mig á fullu. Eftir tvö ár var ég kominn með ágætistök á þessu og síðan hefur leiðin legið upp á við.

Hvað þarf maður að hafa til að verða fær með jójó?

Maður þarf að hafa fingrafimi og svo er þetta allt í vöðvaminninu. Þolinmæði skiptir líka máli þar sem sum trikk er mjög óþolandi að læra. Síðan þarf maður að vera dálítið skapandi því þetta er oft spurning um að búa til sín eigin trikk.

Gefur þú brellunum sem þú býrð til einhver nöfn?

Þau fá nöfn ef ég er sáttur við þau. Þau heita meðal annars Jarðarberjastraubrettið, „Gate Keeper“ og „Flying Lemon“. Oftast er nafnið bara það fyrsta sem mér dettur í hug eða eitthvað sem lýsir trikkinu.

Fyrir ári síðan landaðir þú samningi við kanadíska jójóframleiðandann CLYW. Hvað felur slíkur samningur í sér?

Hann felur í sér að ég fæ allan jójóvarning sem ég þarf frá þeim, það er að segja jójó, spotta, kúlulegur og allt sem þarf til að halda þeim í góðu standi. Þessi styrktaraðili skaffar mér sömuleiðis flugi á stórmót eins og Evrópumeistaramóti sem ég er að fara á eftir tvær vikur.

Þetta Evrópumeistaramót í Tékklandi verður þitt þriðja stórmót í jójó. Hvernig fara þessar keppnir fram?

Það keppa oftast svona 200 manns á þessum mótum. Það eru ákveðnir keppendur, til dæmis þeir sem eru landsmeistarar í sínu heimalandi, sem öðlast sjálfkrafa þátttökurétt í úrslitunum. Aðrir, eins og ég, þurfa að fara í gegnum undankeppni en héraendis er náttúrulega ekkert jójósamband né Íslandsmót. Í undankeppninni fær maður bara eina mínútu í „freestyle“ til að sanna sig en ef maður kemst áfram í úrslit þá fær maður þrjár mínútur. Það er í höndum dómnefndar að velja sigurvegara en þeir dæma eftir hraða, sköpunargetu og hversu flókin trikkin eru sem keppendur gera, svo eitthvað sé nefnt. Þeir þekkja þetta flestir vel enda oftast fyrrum atvinnumenn.

Eru þeir sem vinna þessi mót einhver undrabörn?

Fólkið sem vinnur þessi mót er alltaf voðalega venjulegt fólk sem bara jójóar í frítíma sínum. Þegar fólk hugsar um jójó virðist það alltaf sjá fyrir sér einhverja algjöra nörd eða Asiubúa (hlær). Reyndar eru flestir sem eru í jójóinu þessir „indíkrakkar“ og „hipsterar“, sem kemur mér alltaf dálítið á óvart. Eflaust er þetta fólk sem vill eiga sér frumlegt hobbí og tekur þá upp jójóid.

Hefur ekkert staðið til að stofna jójósamband á Íslandi?

Við höfum reynt að koma á legg einhverju jójósamfélagi en þátttakan er svo lítil að það hefur ekki tekist sem skyldi. Það er náttúrulega svo fámennt hérna og til þess að búa til eitthvað almennilegt samband þyrftu að vera allavega tíu virkir spilarar sem færu út að keppa og svona en það hefur ekki tekist. Við erum tveir sem erum að fara út á EM sem er reyndar aukning þar sem ég var einn í fyrra (hlær).

Þú ert að læra almenna hönnun í Tækniskólanum. Sérð þú fyrir þér að þú eigir eftir að leggja eitthvað hönnunartengt fyrir þig í framtíðinni eða jafnvel reyna að gera jójókúnstimar að atvinnu?


Það er ótrúlega erfitt að lifa á jójóinu af því að það er svo hrikalega lítið sport. Það væri þó frábært að ná einhverri hönnunartvinnu í kringum jójó. Ég er til dæmis búinn að vera að hjálpa til að undanförmu hjá kanadíska fyrirtækinu sem styrkir mig. Ég hef verið að láta þá fá einhverjar teikningar fyrir jójó og þvíumlíkt.

Hvað er það besta/sísta við að vera í Tækniskólanum?

Það besta eru verklegu tímarnir. Ég er lítið í bóklegu námi sem er kostur því ég er miklu hrifnari af því að stússast í verklegum hönnunarverkefnum. Ég kann annars virkilega vel við mig í skólanum svo það eina neikvæða er hvað það er langt fyrir mig persónulega að fara í skólann. Ég bý í Hafnarfirði svo strætóferðin á morgnana er ansi löng.

Hvernig leggst nýhafin vorönn í þig?

Mjög vel, ég átti að mæta í alveg heilan tíma í dag sem féll síðan niður. Ég er aðallega bara að krotta og pæla í hönnun sem er finn undirbúningur ef maður hyggst fara í arkitektúr eða hvers kyns hönnun seinna.



PÁLL VALDIMAR

Fyrstu sex: 010591.

Skólastig: Á 1. ári á hönnunarbraut í Tækniskólanum.

Uppáhaldsjójtíx: Það heitir Jarðarberjastraubrettið.

Uppáhaldslitur: Bleikur.

Uppáhaldsteiknimyndapersóna: Svampur Sveinsson.

Æskudraumur: Að verða Pokémon-meistari.

YFIR 400 STUÐNINGSMENN

Á Facebook er til hópur sem nefnist Stúðningsgrúpa Palla jójó og inniheldur rúmlega 400 meðlimi. „Ég hef alveg lent í því að vera stoppaður niðri í bæ af fólki sem biður mig um að taka trikk. Ég er vanalega með jójóid á mér öllum stundum enda er þetta þannig hobbí að maður getur stundað það hvar og hvenær sem er. Það er til dæmis heppilegt í eyðu í skólanum eða eitthvað álíka.“

DANS STUDIO WORLD CLASS

VORÖNN HEFST 16. JANÚAR

FJÖLBREYTT OG VANDAÐ 13 VIKNA DANSNÁM
VERÐ: 24.900 KR.



FRÍTT LÍKAMSÆKTARKORT

fyrir alla nemendur 15. ára og eldri



SKREFI NÆR ÞÉR

HAFNARFJÖRÐUR - HR - LAUGAR - KRINGLAN - MOSFELLSBÆR - SPÖNGIN - SELTJARNARNES - TURNINN - ÖGURHVARF

Nám byggt á ólíkum dansstílum:

Hip Hop / Jazz Funk / Nútímadans / Lyrical / House
Broadway / Jazz / Street / Barnadansar

Aldur:

4-6 ára, 7-9 ára, 10-12 ára, 13-15 ára,
16-19 ára, 20 plus og 25 plus

Dans fyrir 20 ára og eldri

Áhersla lögð á mismunandi dansstíla og danstækni
Hámarksbrennsla í hverjum tíma

Dans fyrir 25 ára og eldri

Áhersla lögð á alhliða líkamsþjálfun
Markmiðið er að hafa gaman!

Námskeið fyrir allar stelpur/konur sem hafa gaman af dansi
og hefur alltaf langað að æfa, kunna að dansa eða bæta sig

DANCEOFF

danskeppni í Tjarnarbió 11. febrúar

NEMENDASÝNING

í Borgarleikhúsinu í lok annar



SKRÁNING ER HAFIN Í S. 553 0000 OG RAFRÆNT Á WORLDCLASS.IS

Nánari upplýsingar er að finna á worldclass.is/heilsuraekt/dansstudio-wc



MAGDALENA MARGRÉT DAVÍÐSDÓTTIR

Í hvaða skóla ert þú? Menntaskólanum við Sund.
Hvað ert þú gömul? Ég er nítján ára.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Það er ótrúlega misjafnt. Hérna heima versla ég mest í Zöru og Top Shop, svo finnst mér mjög gaman að fara í Kolaportíð. Erlendis versla ég svo mest í H&M og svona þessum typisku búðum.



PEYSA: FANN HANA UPPI Í SKÁP Í MORGUN, HEF ALDREI SÉÐ HANA ÁÐUR
SKOKKABUXUR: STÚDÍÓ VÍK Á KLEPPSMÝRARVEGI
SKÓR: KEYPTIR Í LONDON

ÞÓRIR FREYR FINNBOGASON

Í hvaða skóla ert þú? Menntaskólanum við Sund.
Hvað ert þú gamall? Ég er nítján ára.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Ég versla frekar lítið hérna heima, en helst í Sautján, Kultur og Herragarðinum. Annars versla ég mest í útlöndum en ekki í neinum sérstökum búðum. Ef ég finn flott fót einhverstaðar þá kaupi ég þau, það skiptir ekki máli hvaðan þau eru.



DERHÚFA: KEYPT AF DERHÚFUBÁS Í KRINGLUNNI
SKYRTA: HERRAGARÐURINN
BOLUR: SAUTJÁN
BUXUR: CHINO-BUXURNAR ERU KEYPTAR Í NOREGI
SKÓR: TIMBERLAND-BÚÐIN Á LAUGAVEGINUM

FRÍÐRIK SIGURÐARSON

Í hvaða skóla ert þú? Menntaskólanum við Sund.
Hvað ert þú gamall? Ég er sautján ára.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Erlendis versla ég mest í H&M en hérna heima versla ég mest í Sautján.



PEYSA: H&M
BOLUR: H&M
BUXUR: CHEEP MONDAY
BUXUR ÚR WEEKDAY
SKÓR: CONVERSE

KRISTÍN THELMA BIRGISDÓTTIR

Í hvaða skóla ert þú? Menntaskólanum við Sund.
Hvað ert þú gömul? Ég er átján ára.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Hérna heima versla ég mest í Top Shop, Sautján og Vila en erlendis versla ég mest í H&M.



BOLUR: CORNER Í SMÁRALIND
VESTI: VILA
LEGGINGS: SAUTJÁN
STUTTBUXUR: SAUTJÁN
SKÓR: H&M

Tíska unnga fólksins

Stíllinn hélt ferð sinni áfram og heimsótti fleiri menntaskóla. Að þessu sinni kíktum við í **Menntaskólann við Hamrahlíð** og **Menntaskólann við Sund**. Flottir nemendur leyndu sér ekki og tókum við púlsinn á nokkrum þeirra.

KOLBEINN JARA HAMÍÐSSON

Í hvaða skóla ert þú? Menntaskólanum við Hamrahlíð.
Hvað ert þú gamall? Ég er sextán ára.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Í útlöndum helst eða á vefsíðum. En hérna heima versla ég mest í Noland.



SKYRTA: SPÚTNIK
PEYSA: H&M
BOLUR: GERÐUR AF ÍSLENSKUM HÖNNUÐI
BUXUR: KRONKRON
SKÓR: FÉKK ÞÁ GEFINS

GUÐRÚN ELÍN DAVÍÐSDÓTTIR

Í hvaða skóla ert þú? Menntaskólanum við Hamrahlíð.
Hvað ert þú gömul? Ég er sextán ára.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Mest í útlöndum og þá H&M aðallega.



PEYSA: SPÚTNIK
BUXUR: VERO MODA
SKÓR: GS SKÓR

SIGURÐUR ÓSKARSSON

Í hvaða skóla ert þú? Menntaskólanum við Hamrahlíð.
Hvað ert þú gamall? Ég er sautján ára.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Selected Kringlunni og Sautján aðallega en stundum fer ég líka í Spúútnik, þá sérstaklega þegar það er kilómarkaður.



BUXUR: KRONKRON
SKYRTA: FÉKK HANA Í JÓLAGJÖF
SKÓR: KEYPTIR Í SKÓ OUTLETI
ÚLPA: EXODUS
BOLUR: ALL SAINTS

SÓLVEIG ÓSKARSDÓTTIR

Í hvaða skóla ert þú? Menntaskólanum við Hamrahlíð.
Hvað ert þú gömul? Ég er átján ára.
Hvar kaupir þú helst fötin þín? Ég kaupi mér eiginlega aldrei fót, ég finn alltaf eitthvað inni í skáp hjá ömmu eða mómmu. Ég er mjög blönk alltaf.



BUXUR: URBAN OUTFITTERS
BOLUR: FANN HANA Í SKÁPNUM HJÁ MÖMMU
PEYSA: FANN HANA Í SKÁPNUM HJÁ MÖMMU



LITRÍKAR SOKKABUXUR

Litríku sokkabuxurnar voru mjög áberandi á síðasta ári. Í ár verða litirnir djarfari. Mintugrænar, skærbleikar, lillabláar og sinnepsgul- ar sokkabuxur eru dæmi um þá liti sem verða ef til vill vinsælir á árinu. Þó verða klassísku litirnir ávallt vinsælir líka, vínráður, hvítur og auðvitað svartur.

STUTT AÐ FRAMAN, SITT AÐ AFTAN

Þessi týpa af pilsu eða kjól gluggaði upp rétt undir lok síðasta árs og mun þetta verða virkilega vinsælt í ár. Þetta snið er flott og öðruvísi og kryddar það skemmtilega upp á lúkkið. Vertu óhrædd við að prófa nýtt á nýju ári og gefðu „stutt að framan, sitt að aftan“-sniðinu séns.



KJÓLL MEÐ EINNI ERMÍ

Kjólur með einni ermi hafa aðeins verið að vinda upp á sig og voru þeir orðnir algeng sjón seinnipart síðasta árs. Nú í ár munum við hinsvegar sjá mun meira af þeim, bæði stuttum, síðum, þröngum og víðum. Kjólur með einni ermi eru komnir til að vera.



Heitast árið 2012

Nú er nýtt ár gengið í garð og þá er oft gaman að kynna sér allt sem það hefur upp á að bjóða. Margt nýtt mun líta dagsins ljós í tískuheiminum en þó mun einnig margt halda sínum sessi. **Stíllinn** fór yfir nokkra hluti sem verða heitir þetta árið.



RÖNDÓTT MYNSTUR

Röndóttá mynstrið er búið að vera vinsælt lengi enda klassískt mynstur sem skemmtilegt er að nota með einlitum flíkum eða öðru mynstri. Þetta árið mun mynstrið hinsvegar fara skrefinu lengra og munum við sjá meira af röndóttum jökkum, pilsum og jafnvel buxum.

LITAÐ LEÐUR

Leðrið kom hrikalega sterkt inn seinnipart síðasta árs og verður engin breyting á því í ár. Nú er það litaða leðrið sem á eftir að slá í gegn. Litaðar leðurbuxur, leðurjakkar og leðurpils verða mjög vinsæl í öllum mögulegum litum en þó verður rautt, grænt og brúnt leður einna helst áberandi.



MAXI-PILS

Bæði maxi-pils og -kjólur voru mjög vinsælir á síðasta ári en nú í ár munu pilsin ná fram úr kjólunum. Maxi-pilsin eiga eftir að vera óhemjuvinsæl, bæði sem hversdagsflík og einni sem spariflík. Vertu óhrædd við síðdina og fjárfestu í einu flottu maxi-pils fyrir árið.



Stjörnustríð

Nicky Hilton vs. Nicole Richie

Skvísurnar tvær klæddust þessum sæta míníkjól fyrir stuttu og tóku þær sig báðar mjög vel út í honum. Vinninginn fær þó Nicole fyrir skemmtilegt litaval, flott skóval og töff fylgihluti.

Scarlett Johansson vs. Mallika Sherawat

Þær Mallika og Scarlett voru báðar glæsilegar í þessum flotta Roland Mouret-kjól. Sykursæta leikkonan fullkomnar hinsvegar lúkkið með flottu liðuðu hári og fallægum „nude“ skóm.

Blake Lively vs. Alexa Chung

Breska módelið og slúðurstjarnan eru vægast sagt glæsilegar í þessum dökkbláa Chanel-kjól. Slúðurstjarnan poppar sitt lúkk upp með „nude“ hælum og tekur hárið frá sem landar henni sigri.

Miranda Kerr vs. Rachel Bilson

Fegurðardísirnar tvær klæddust þessum fína Louis Vuitton-kjól á dögnum. Miranda hefur þó betur að þessu sinni, hún tekur hárið fallega frá, er með svart belti við kjólinn og flottan rauðan varalit.



viðtalið

PETTA EÐA HITT?

Lífið í menntó eða lífið í leiklistardeild? Ef ég ætti að gera bíómynd þá myndi það vera lífið í menntó.

Leikur eða handritaskrif? Má ekki blanda? Það er best.

Dagbækur eða blogg síður? Dagbækur.

Áramótaskaupið 2009, 2010 eða 2011? 2009 fannst mér það 2009, 2010 fannst mér það 2010 og 2011 fannst mér það 2011.

Ef þú yrðir að velja annað hvort, hvort myndir þú frekar pissa í þig í veislu eða koma nakin fram? Pissa í mig í veislu af því að það er vandræðalegra. Það er alltaf skemmtilegt þegar eitthvað er vandræðalegt. Svo ég myndi vera í rauðum kjól og pissa hægt á mig.

Er það öðruvísi að vera myndin stelpa en myndin strákur?

Nei. Ég held það sé enginn munur. Ég reyndar kemst upp með aðeins meira af því að ég er stelpa og lít út fyrir að vera bara venjuleg stelpa sem er ekki að fara að segja neitt ógeð. Það virðist vera lituð alvarlegri augum þegar strákar tala um viðkvæma hluti.

Ertu þá með smá forgjöf?

Já, ég myndi segja það. Ef ég er til dæmis að skrifa með Ara (Eldjárn) og honum dettur eitthvað í hug er hann stundum, „sjött hvað ég væri til í að geta sagt þennan en þú verður eiginlega að taka hann af því að ég kemst ekki upp með þetta.“

Finnur þú ekki fyrir mikilli pressu þegar þú ert að skrifa handrit að sjónvarpsefni sem þú veist að nánast allir landsmenn koma til með að horfa á?

Nei, af því að ef einhverjum finnst eitthvað ekki myndi eða óviðeigandi þá segist ég ekki eiga þátt í því en ef einhverjum finnst eitthvað rosa myndi þá segist ég hafa samið þann brandara. En jú, þetta er svolítið erfitt. Ég er ekki pollróleg á gamlárskvöldi. Tveimur dögum áður er hjartað farið að slá örar. En kosturinn við að skrifa Skaupið er sá að við erum sex og við erum ekki með alveg eins hómur. Þannig eigum við að geta náð til breið-

ari hóps. Því get ég verið mjög örugg með minn hómur vegna þess að ég veit að einhverjir munu hlæja en aðrir ekki. Þessir sem hlæja ekki hlæja bara að einhverju öðru. Ef allir hlæja að þremur bröndurum þá er það mjög gott skaup.

Þú lékst Tobbu Marínós í Skaupinu. Fyrirgef hún þér það af því að þú skrifaðir handrit upp úr bókinni hennar?

Já, bara út af því (hlær). Mér finnst Tobba algjör snillingur að hafa sagt strax, „ég fílaði þetta og mér fannst þetta myndi.“ Mér finnst að allir eigi að bregðast svoleiðis við. Ef hún hefur verið fúl en ekki sagt það þá eru það íþróttamannsleg viðbrögð. Ég hélt kannski að hún yrði fúl af því að hún er miklu yngri og sætari heldur en ég. Ég sendi henni sms sem í stóð „fyrirgefðu.“ Ég var búin að skrifa það löngu áður og þegar ein mínúta var liðin af Skaupinu ýtti ég á „send.“

Finnst þér Hugleikur myndinn?

Já, mér finnst hann mjög myndinn og stundum skil ég ekki hvernig er hægt að fúnkera í lífinu með að vera svona mikið nörd. En hann virðist geta þetta. Oft lekur einhver steypa út úr honum þar sem hann talar um eitthvað sci-fi-kjaftæði sem ég skil ekki en hann er snillingur.

Eruð þið ekki að vinna saman verkefni þessa dagana?

Jú og það er mjög skemmtilegt. Hann mætir alltaf heim til mín með latté klukkan níu á morgnana. Ég bjóst ekki við því að hann væri svona mikill vinnuþjarkur. Við náum svo vel saman og oft held ég að ég hafi skrifað eitthvað sem hann skrifaði af því að við erum með svo svipaðan hómur.

En hvað er þetta sem þið eruð að skrifa?

Þetta eru teiknimyndapættir sem verða vonandi sýndir einhvers staðar. Þetta eru pættir fyrir fullorðna sem eru fánánlega myndnir.

Hefur þú hugmynd um hvert þú ert að stefna? Ætlar þú að skrifa handritið að Skaupinu næstu árin og halda áfram að vera hress?

Ég veit hvað ég er að fara að gera fram í lok mars. Svo í lok mars veit ég örugglega hvað ég er að fara að gera fram í lok maí. En ég stefni að því að vera bara ánægð, eins og ég er eiginlega alltaf, og glöð. Ég hlakka líka geðveikt til að fá Orra, einkaþjálfarann minn, aftur heim af sjónum eftir 38 daga. Hann súperstjarnan mín.

Hvar sérðu þig eftir 5 ár?

Eftir 5 ár verð ég loksins búin með læknisfræðina eins og ég lofaði mömmu og komin með tvö börn.

Í maí mun Facebook-innhólfíð mitt fyllast.



HÁMARKS ÁRANGUR

Grunnpakkinn frá NOW inniheldur þau lykil næringarefni sem flestir fá ekki nóg af, jafnvel þó þeir neyti fjölbreyttrar fæðu.

„Ég vel NOW vegna þess að þær eru framleiddar og prófaðar samkvæmt ströngustu gæðastöðlum og innihalda ekki vafasöm sætu-, litar-, bragð-, rotvarnar- eða fyllingarefni.“

Ragna Ingólfs, landsliðskona í badminton og ólympíufari.



Grunnpakki NOW



Gæði • Hreinleiki • Virkni

Rísandi stjörnur ársins 2012

Fædd: 9. ágúst 1985

Anna Kendrick

Besta vinkona Adam Lambert

Eflaust kannast lesendur við þessa knáu leikkonu úr Twilight-kvikmyndunum en Anna Kendrick hefur einnig getið sér nafns í Hollywood á undanföllum árum í kvikmyndum á borð við *Up In The Air* og *50/50*. Kendrick var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í hinni fyrrnefndu og stefnir í gott ár hjá leikkonunni ungu sem leikur í heilum fimm kvikmyndum sem sýndar verða á komandi ári.



Það er alltaf gaman að horfa fram á veginn og spá í spilin þegar ungt fólk er annars vegar. **Monitor** tók saman efnilegt hæfileikafólk sem er líklegt til að meika það í **Hollywood** á árinu 2012.

Fæddur: 24. janúar 1995

Callan McCauliffe

Sextán ára sjarmör

Hinn 16 ára gamli Callan McCauliffe er án efa einn sá efnilegasti í Hollywood um þessar mundir. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann nú þegar unnið með fallbyssum á borð við Steven Spielberg og Michael Bay. Margir spá honum stórgóðu ári enda stórmynd á leiðinni þar sem Callan leikur með hjartaknúsanum Leonardo DiCaprio í kvikmyndinni *The Great Gatsby* sem beðið er með mikilli eftirvæntingu.



Fædd: 16. febrúar 1989

Elizabeth Olsen

Týnda Olsen-systirin

Gagnrýnendur héldu varla vatni yfir túlkun Elizabeth Olsen á ungrí konu sem ákveður að hætta í sértrúarsöfnuði í kvikmyndinni *Martha Marcy May Marlene* sem var nýlega frumsýnd úti í heimi. Þrátt fyrir frammistöðuna er þessi týnda Olsen-systir þó yfirleitt spurð meira út í stóru systur sínar tvær, þær Ashley og Mary-Kate, en Elizabeth nær vonandi að stíga út úr þeim skugga á nýja árinu enda eru væntanlegar tvær bitastæðar myndir með henni í aðalhlutverki.



Fædd: 12. apríl 1994

Saoirse Ronan

Ekki lítil lengur

Írka leikkonan Saoirse Ronan er einstaklega vinsæl hjá framleiðendum jaðarkvikmynda þrátt fyrir að vera aðeins 17 ára gömul. Hún ruddist fram á sjónarsviðið árið 2007, þá aðeins 13 ára gömul, er hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta leik í auka- hlutverki fyrir túlkun sína í kvikmyndinni *Atonement*. Síðan þá hefur Ronan leikið í myndum á borð við *Lovely Bones* og *Hanna* en vinsældir hennar fara sívaxandi og er ungstímið með þrjár kvikmyndir í bígerð um þessar mundir, þar á meðal vampíru-myndina *Byzantium*.





Fædd:
15. nóvember
1991

Shailene Woodley

Clooney góður stökkpallur

Þrátt fyrir að hafa leikið táningsmómmuna Amy Juergens í sjónvarpsþáttunum *The Secret Life Of The American Teenager* frá árinu 2008 er Shailene Woodley fyrst núna farin að vekja athygli vestanhafs. Ástæðan er frammistaða leikkonunnar í kvikmyndinni *The Descendants* þar sem hún leikur með hjartaknússaranum George Clooney en hlutverk á móti kauda hefur í gegnum tíðina skilað góðum árangri í hinum harða heimi Hollywood og þykir Woodley því líkleg til afreka á næstu misserum.

Fæddur:
17. október
1985

Max Irons

Heitari en sólin

Irons vakti mikla athygli kvenpeningsins í kvikmyndinni *Red Riding Hood* enda mikið fyrir augað. Leikarinn breski er sonur hins virta Jeremy Irons og er án efa meðal þeirra heitustu í dag. Meðal verkefna framundan hjá Max eru kvikmyndirnar *The Host* og *Vivaldi* en í þeirri síðarnefndu fer hann með hlutverk tónskáldsins goðsagnakennda.



Sarah Gadon

Leikur á móti fallegustu vampíru heims

Fædd:
4. apríl
1987

Hin undurfagra Sarah Gadon gekk rauða dregilinn í fyrsta skipti á nýliðnu ári til að kynna kvikmyndina *A Dangerous Method* þar sem hún leikur við hlið Keiru Knightley. Hún er tiltölulega óþekkt í bransanum en Monitor spáir því að leikkonan verði sú allra heitasta meðal leikstjóra Hollywood á komandi ári en hún hefur nú þegar nælt sér í bitastætt hlutverk í kvikmyndinni *Cosmopolis* þar sem hún leikur eiginkonu sjarmörsins Roberts Pattinson.



Fædd:
17. október
1983

Felicity Jones

Hvað ætli felist í Jones?

Árið 2012 gæti orðið mjög gott fyrir hina bresku Felicity Jones en mikil spennan ríkir fyrir kvikmyndinni *Like Crazy* sem verður sýnd í byrjun árs en þar fer Jones einmitt með annað aðalhlutverkanna. Felicity hefur nú þegar fengið verðlaun fyrir frammistöðu sína í myndinni á Sundance-kvikmyndahátíðinni og lítur út fyrir að leikkonan fagra sé á hraðri uppleið í bransanum.



Væntanlegar stórmyndir 2012

- The Dark Knight Rises
- The Avengers
- The Amazing Spider-Man
- The Hobbit: An Unexpected Journey
- The Bourne Legacy
- Skyfall

KANILL #8

Laugardagurinn 14. janúar
Faktory kl. 23



Purfa ekki að taka til

„Þetta er eitt af stóru nöfnum úti í Evrópu í danstónlist,“ segir Steindór Grétar Jónsson, einn af meðlimum Kanil um Tim Green. Áttunda Kanillkvöldið fer fram á Faktory um helgina og mun Tim Green stíga þar á stökk meðal annarra. „Hann er þekktur fyrir að halda sig ekki við einhvern einn stíl af danstónlist heldur verður þetta fjölbreytt og opið og allir munu finna eitthvað við sitt hæfi. Hann er einnig mikill aðdáandi Íslands og setur til dæmis Björk á lista yfir helstu áhrifavalda sína.“

Kanillkvöld hefur verið mánaðarlegur viðburður til þessa sem plötusnúðateymið Kanill stendur fyrir. „Í grunninn var Kanill upphaflega vinahópur sem var orðinn leiður á því að það væri sjaldan spilið danstónlist á skemmtistöðum borgarinnar þannig að við ákváðum að halda okkar eigin kvöld. Markmiðið er að hafa gaman og dansa en þurfa ekki að taka til daginn eftir. Við höfum í raun bara litið á þetta sem stórt heimilispartí, nema á skemmtistað með góðu hljóðkerfi. Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem við flytjum inn erlendan tónlistarmann og við erum mjög spennir fyrir því. Ef það tekst vel ætlum við að gera það oftar en þetta er langstærsta Kanillkvöldið til þessa.“ Miðaverð er 1.500 kr. í forsölu en 2.000 kr. við hurð.

fílófaxið

fimmtudagur **12** jan. laugardagur **14** jan.

GETTU BETUR Í ÚTVARPI

Útvarpshúsinu
19:30 Þrjár viðureignir fara fram í fyrstu umferð Gettu betur í Útvarpshúsinu og í beinni útsendingu á Rás 2. Þar mætast Menntaskólinn á Ísafirði og Verkmennaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga og Menntaskólinn á Egilsstöðum og að lokum Menntaskólinn í Kópavogi og Menntaskólinn við Sund.



SAMARIS Á KREPPUKVÖLDI

Bar 11
21:00 Sigurvegarar Músiktilrauna 2011 stíga á stökk á Kreppukvöldi þar sem vinaleg tilboð eru í hávegum höfð á barnum. Fritt inn.

föstudagur 13 jan.

BEST OF GRUNGE

Gaukur á stöng
22:00 Haldnir verða sérstakir „tribute-tónleikar“ til heiðurs gruggrokkstefnunnar. Hljómsveit kvöldsins er skipuð ellefu tónlistarmönnum og er Magni Ásgeirsson þar á meðal. Tónleikar hefjast kl. 23 og frítt er inn.

SÖNGVAKEPPNI SJÓNVARPSINS

RÚV
20:30 Fyrsta undankvöld Söngvakeppni Sjónvarpsins fer fram á laugardagskvöld. Þá verða flutt fimm atriði og hver veit nema að framlag Íslands til Eurovision í Azerbaidsjan leynt í einu af þessum fimm atriðum.

FLÓAMARKAÐUR HINS HÚSSINS

Kjallari Hins hússins
14:00 Hitt húsið stendur fyrir flóamarkaði þar sem fólk á aldrinum 16 til 25 ára er velkomið til að selja varning. Allir eru velkomnir að koma og kaupa sér eitthvað ódyrt og fint.

BOZ BOORER

Bar 11
21:00 Boz Boorer, sem er hvað þekktastur fyrir að vera gítarleikari, meðhöfundur og tónlistarstjóri Morrissey heldur tónleika á Bar 11. Honum til halds og trausts verður hljómsveitin Smutty's 302. Gert er ráð fyrir að tónleikarnir hefjist milli kl. 22 og 23.



10 ÁRA AFMÆLI ÓLA OFUR

Nasa
23:30 Plötusnúðurinn Óli ofur fagnar tíu ára plötusnúða-afmæli sínu með því að blása til ristarsóla klúbba- og hljómsveitina Ólafur. Forsöluverð er 1.000 kr. en 1.500 kr. við hurð.



LOKAPRÓFIÐ

| 12. janúar 2012 |



Ég heiti ARNAR EGGERT THORSÐÓTTIR Ef ég væri ekki Arnar Eggert myndi ég helst vilja vera

Þú veist hver ég er af því að HEFYLGJIST SVÖVEL MED TÓNLIST OG KANNT AÐ META DJÚPSJAVAR

Það erfðasta við að gagnrýna plötur er

- a) það þegar allir tónlistarmenn landsins fara að sleikja mig upp.
- b) að þurfa stundum að vera grimur við tónlistarmenn sem eru að gera sitt besta.
- c) illa augnaráðið sem sumir tónlistarmenn gefa mér eftir harða dóma.
- d) að þurfa að hlusta á svona mikið af tónlist þótt ég fli hana ekki.
- e) _____

en það skemmtilegasta er MINIÐ: TOUGH LOVE!

Ef ég væri ekki tónlistargagnrýnandi myndi ég helst vera

- a) rokkstjarna
- b) forseti lýðveldisins
- c) tónlistarstjóri Hörpunnar
- d) ~~á~~ Rolling Stones SÖKKA.
- e) _____

af því ad þegar AC/DC KRINGJA Í MIG ER EG FLOGINN MED ÖETSAMME

Það besta við Tónlistarstund með Arnari Eggerti er

- a) að ég fæ að leika Andy Rooney tónlistarinnar.
- b) einkunnagjafarmerkin sem ég geri með höndunum og meðfylgjandi hljóð.
- c) myndin af Árna Matthíassyni í settinu.
- d) hvað það „læka“ margir hvern þátt.
- e) _____

Ég væri tilbúinn að þá SAMSTARFSMAÐUR MÍNN KÆR SIGHVATUR KOMA NAKINN FRAM

til að bjarga tónleikastaðnum Nasa frá niðurriði.

Eiginhandaráritunin mín lítur svona út:

Amma... Mark Ruffalo



- a) Arnar Gunnlaugsson, fótboltatvíburi
- b) Arnar Björnsson, íþróttáfréttamaður
- c) Arnar Grant, hraustmenni
- d) Arnar Jónsson, leikari
- e) Thor, ofurhetja
- f) _____



af því að NAFNI MÍNN ER KÚL.

Ég er með 3 tattu og hef farið 1.000 sinnum á Músiktilraunir og 1.000 sinnum á Iceland Airwaves.

Ef ég gæti gefið einni plötu sex stjörnur væri það platan I MYND FIFLSINS MED EG en ÉR PLATA MED STAINED er versta plata sem ég hef hlustað á.

Af eftirfarandi myndi ég helst vilja fara í hádegismat með John Lennon
a) John Lennon
b) Kurt Cobain
c) Janis Joplin
d) Jimi Hendrix
e) Jim Morrison
f) Amy Winehouse
Því þá gæti ég spurt hann/hana út í "JIMBO, YOU'RE THE MAN... MAN."

Síðasta sms sem ég fékk var frá EINARI KVARAN og í því stóð: "GOTT MÁL HEYRUMST Á MORGUN..."

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá MARK RUFFALO til að leika mig en líklega yrði það samt BORKO OG SAMMI JAGUAR.

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa „HVER Á ÞESSA HESTA?“

Síðast en ekki síst

» Gylfi Freeland Sigurðsson, trommuleikari, fílar:

Kvikmynd: Mér finnst sci-fi myndir geðveikar. Horfi reglulega á þær með vinum mínum. Allt frá Blade Runner yfir í My Favorite Martian. Ég mæli samt líka með Code 46. Ég er að segja það, sci-fi er málið!

Þáttur: Uppáhaldið mitt er Futurama, og svo er reyndar Breaking Bad og Game of Thrones líka frekar nett. Ég fíla samt oftast ekki framhaldsþætti. Þeir gera mig eitthvað svo órólegan.

Bók: Musicophilia þykir mér verulega flott. Annars eru Alex's Adventures in Numberland og The Life and Times of Scrooge McDuck ómissandi! Næst langar mig til að lesa Sæborgina eftir Úlfhildi Dagsdóttur.



Plata: Ég spila Cool Ruler og Nology yfir morgunmatnum. Svo skola ég Pottþétt Vitund niður með volgu mjólkurglassi. Ég myndi ábyggilega liggja í dvala ef ég sofnaði með hana á „repeat“.

Vefsíða: Heyrðu, þessi er kreisí. www.maniac-world.com/maze_game. Ég hef aldrei náð í meira en fimmta borð. Svakalegt!

Staður: Suðurgötu-kirkjugarðurinn er svona aðal, sérstaklega svona snjógur. Svo er fullt af klikkuðum stöðum í miðbænum. Ég og vinur minn fundum þá með því að klifra í bakgröðum fólks fyrir nokkrum árum.



Til gamans má geta að leikkonum **Jessica Biel** og **Liv Tyler** komu til greina fyrir aðalkvenhlutverk myndarinnar **Flypaper**.

KVIKMYND


Í hæ Gary kantinum

Myndin fjallar um leyniþjónustumanninn George Smiley (Gary Oldman) sem fenginn er til að komast að því hver hafi verið að leka upplýsingum úr Bresku leyniþjónustunni.

Ég var búinn að biða lengi eftir þessari. Sá stíkluna fyrir löngu og hún kveikti strax í mér.

Leikaravalið var einstaklega gott og allt yfirbragð myndarinnar leit vel út.

Myndin var þó aðeins öðruvísi

en ég hafði ímyndað mér þó ég geti kannski ekki sagt að ég hafi beint orðið fyrir vonbrigðum.

Fyrir það fyrsta er myndin mjög hæg sem þarf oft ekkert að vera slæmt í sjálfu sér en stundum getur það orðið of mikið. Sérstaklega þegar hugsanir eins og „jæja, nú hlýtur eitthvað að fara að gerast“ fara að leita á mann. Hún gaf þó aðeins meira í eftir hlé sem var fint. En þrátt fyrir að myndin sé hæg þarf maður þó að hafa sig allan við til að ná því sem er í gangi. Það er mikið af nöfnum og karakterum sem þarf að fylgjast með og það gerir hana stundum svolítið torskilda á köflum.

Góður Gary

Útlitið á myndinni og kvikmyndatakan er virkilega flott sem hjálpar myndinni mikið og færir mann nær þeim tíma sem hún á að gerast á. Það sem mér fannst þó standa upp úr við myndina var leikurinn en allir leikarar standa sig með stakri þryði. Má þar þó helst nefna hinn stórgóða leikara Gary Oldman sem sýnir enn og aftur hversu magnaður leikari hann er. Hann verður bara betri og betri með árunum. Kæmi mér ekki á óvart ef Óskarinn myndi banka á dyrnar hjá honum.

Pannig að þeir sem eru að búast við hröðum bílahasar með stíliseruðum slagsmálum og eltingarleikjum verða líklega fyrir vonbrigðum. En þeir hinir sem hafa þolinmæði í hæga en vandaða leyniþjónustumynd fyrir lengra komna ættu að fá ýmislegt fyrir sinn snúð.

Kristján Sturla Bjarnason

TINKER, TAILOR, SOLDIER, SPY

MMMMM

FRUMSÝNING HELGARINNAR

Flypaper

Tripp Kennedy (Patrick Dempsey) röltir inn í banka rétt í þann veginn sem tvö glæpagengi ryðjast inn til að ræna hann. Það brýst út skotbardagi og Tripp tæklar gjaldkerann, hina fögru og kláru Kaitlin (Ashley Judd), til þess að vernda hana. Glæpagengin tvö, eitt sem er augljóslega skipað sérfræðingum, og hitt sem samanstendur af tveimur hálfvitum, þeim Peanut Butter og Jelly, lenda í sjálfheldu

þegar öryggiskerfi bankans lokar alla inni í húsinu. Þegar kona finnst myrt og glæpagengin kannast ekki neitt við neitt fer Tripp að gruna einhvern á efri hæð byggingarinnar um launsátur. Eftir því sem líður á nóttina hefst sprenglæglegur kattar- og músarleikur og Tripp og Kaitlin reyna að bjarga deginum án þess að deyja og verða ástfangin af hvort öðru. Næstum því.

Leikstjóri: Rob Minkoff.
Aðalhlutverk: Patrick Dempsey, Ashley Judd og Tim Blake Nelson.
Lengd: 87 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 10 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó.

Aðrar frumsýningar: Iron Lady • The Muppets • 50/50

FRUMSÝNDAR FÖS. 13. JANÚAR



VALGEIR GUDJÓNSSON

SPILAÐU LAG FYRIR MIG

MOGGAKLÚBBSTILBOÐ

25% AFSLÁTTUR Á TÓNLEIKA VALGEIRS GUDJÓNSSONAR „SPILAÐU LAG FYRIR MIG“ Í HÖRPU 22. JANÚAR

Lög Valgeirs eru löngu orðin lög allra landsmanna og hafa náð að sá sér í vitund kynslóðanna.

Afmælistónleikar Valgeirs eru því jafnt fyrir unga sem aldna. Landsmenn eru hvattir til að hylla hinn ástsæla lagasmið á sextugsafmælinu og láta sjá sig í tónlistarveislunni í Eldborg. Afmælisgestir Valgeirs verða meðal annars úr röðum Spilverksins og Stuðmanna og er það í fyrsta sinn í tónlistarsögunni að þessar tvær ofurhljómveitir stíga samtímis á stökk.

Komdu í afmælið í Eldborg og gerstu þátttakandi í lifandi sögu íslenskrar tónlistar.

Tónleikarnir hefjast kl. 20:00

Almennt miðaverð:
5.900 kr. / 4.900 kr. / 3.900 kr.

Moggaklúbbsmeðlimir fá 25% afslátt af miðaverði

Miðapantanir í Hörpu s. 528 5050

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUGHÚSÍB Í REYKJAVÍK

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á [MBL.IS/ASKRIFT](http://mbl.is/askrift) EÐA Í SÍMA 569 1122

MOGGAKLÚBBURINN
— MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

KORTID GILDIR TIL 31.01.2012



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á [MBL.IS/ASKRIFT](http://mbl.is/askrift) EÐA Í SÍMA 569 1122

Allir fastir áskrifendur Morgunblaðsins eru sjálfkrafa félagar í Moggaklúbbnum og njóta ýmissa friðinda og tilboða. Hægt er að fylgjast með hvað er í boði hverju sinni á mbl.is/moggaklubburinn. Hafðu samband í síma 569 1122 hafi Moggaklúbbskortid ekki borist þér.

MOGGAKLÚBBURINN

— MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR



KORTID GILDIR TIL 31.01.2012

Allir vilja gott sæti !

Áfram Ísland !



13
Siggi Sveins
er alltaf eins!

Gullið tækifæri
fyrir betra sæti !

Láttu þér líða vel
fyrir framan EM !

★★★★★
Hægindastóll
kr. 37.900,-

Komdu
núna

Milano ekta hægindastóll
á frábæru EM tilboði !

Til í 4 litum:



Hvítur

Latte

Svartur

Brúnn

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-18
Sun frá kl. 13-18



DORMA

- býður góða nótt

Holtagörðum • Sími 512 6800 • www.dorma.is

Pöntunarsími

☎ 512 6800

eða dorma.is